

### 3. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

3. mars 2016 kl. 15:00 – 17:00

Fundarstaður: Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu

---

#### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra (vék af fundi 16:30), Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (vék af fundi 16:00), Grímur Sæmundsen, formaður stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarson, varaformaður stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Sigrún Blöndal, forseti borgarstjórnar Fljótshéraðs.

*Aðrir:* Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir (IRR), Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir (IRR), Svanhildur Hólm Valsdóttir (FER), Stefán Guðmundsson (UAR), Ingvar Pétur Guðbjörnsson (ANR) og Valgerður Rún Benediktsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

#### Dagskrá:

##### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður fór yfir stöðuna á þeim tillögum sem ræddar voru á síðasta fundi:

##### 1) Uppbyggingu á ferðamannastöðum.

Stjórnin var sammála um nauðsyn þess að auka fé til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og var iðnaðar- og viðskiptaráðherra falið að leggja til við ríkisstjórn að auknu fé yrði veitt til sjóðsins við 2. umræðu fjárlaga. Þá samþykkti stjórnin tillögu um stofnun vinnuhóps um bættu framkvæmd við úthlutun og eftirfylgni hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Eftir fundinn samþykkti Alþingi að veita auknum fjármunum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þá hafa starfsreglur sjóðsins verið endurskoðaðar til að straumlínulaga verklag og mótframlag til svæða í eigu eða umsjón ríkisins fellt niður en mótframlag til svæða í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila var lækkað í 20%.

##### 2) Efling rannsókna á sviði ferðamála

Stjórnin var sammála að auka þyrfti fé til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu og var iðnaðar- og viðskiptaráðherra falið að leggja til við ríkisstjórn að auknu fé yrði veitt til þessa verkefnis við 2. umræðu fjárlaga. Eftir fundinn samþykkti Alþingi að veita 150 m.kr. til rannsókna á sviði ferðaþjónustu og er vinnuhópur á vegum SF að vinna að útfærslum á því hvernig best sé að verja þeim fjármunum.

##### 3) Starfsreglur og rekstarform.

Á öðrum fundi stjórnstöðvarinnar var rætt um mikilvægi þess að stjórnin setji sér starfsreglur og að taka þyrfti afstöðu til rekstrarforms stjórnstöðvarinnar.

Formaður benti á að fyrir fundinum lægju minnisblað með tillögu að rekstarformi en nánar væri rætt um það undir 4. dagskrárlið.

- Verkefni um stýringu ferðamanna er ekki hafin en vinna mun fara af stað innan tíðar um að skilgreina nánar verkefnið.
- Stjórnstöð ferðamála hefur til þessa átt samtalið við um 80 hagaðila í ferðaþjónustu.

### **Umræður við 2. lið**

Umhverfis- og auðlindaráðherra óskaði eftir því að ráðuneytið hefði beina aðkomu að öryggishópnum. Hörður mun fylgja því eftir.

Rætt var um tilgang tengiliðahóps ráðuneyta við Stjórnstöðina og hvert eigi að vera hlutverk hans. Mikilvægt að það skili sér til ráðuneytanna að hverju stjórnstöðin er að vinna. Lagt til að gerðar verði starfsreglur fyrir tengiliðahópinn. Framkvæmdastjóri vinnur þær tillögur áfram með ANR og verða þær lagðar fyrir á næsta fundi SF.

Rætt um mikilvægi þess að farið sé yfir styrki hjá Framkvæmdastjóði ferðamannastaða, fjármunir afturkallaðir og úthlutað að nýju. Formaður sagði frá því að lögð hefði verið áhersla á að vinna hratt úr fyrirliggjandi umsóknum, von væri á þeim tillögum á næstu vikum, en að næsta verkefni yrði að fara yfir eldri styrki.

Rætt var um að hægt gengi að koma af stað vinnu við að ræða skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga. Bent var á að sú vinna væri þegar hafin með lækkun mótframlags til sveitarfélaga en að jafnframt væri þetta atriði hluti af stærra samhengi varðandi almenna tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

### **3. Tillögur um brýnar aðgerðir á árinu 2016 til að bæta öryggi ferðamanna (Hörður) (Nánari upplýsingar í fundargögnum).**

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur starfshóps sem falið var að leggja fram tillögur að aðgerðum til að bæta öryggi ferðamanna. Tillögurnar skiptast í fjóra flokka og eru eftirfarandi.

#### **3.1. Löggæsla**

Tillagan er að skilgreina fjögur landsvæði sem samanlagt ná yfir víðfeðmt svæði sem geymir marga af fjölsóttustu áfangastöðum ferðamanna. Tvö svæðanna eru á hálendinu þar sem ekkert reglubundið eftirlit hefur verið.

Aukið eftirlit fælist í að á hverju svæði verði bætt við einni bifreið og samtals fjórum lögreglumönnum á vöktum. Gert er ráð fyrir að aukið eftirlit yrði árið um kring á Gullna hringnum og í uppsveitum Árnassýslu.

Aukin löggæsla	Tímabil	Kostnaður (mkr.)	2016
Hálendið á Suðurlandi	Júní-Ágúst	22	
Hálendið á Norðurlandi Eystra	Júní-Ágúst	22	
Suðausturland	Júní-Ágúst	16	
Gullni hringurinn og uppsveitir Árnassýslu	Allt árið	38	
Samtals viðbótarfjárförð 2016		98	

Öryggi á vegum	Kostnaður 2016 (mkr.)
Bætt vetrarþjónusta	104
Aðrar úrbætur	80
<b>Samtals viðbótarfjárförf árið 2016</b>	<b>184</b>

### 3.4. Bætt upplýsingagjöf og forvarnir

Markmiðið með góðri upplýsingagjöf, eftirliti og forvörnum er að hindra slys og óhöpp í stað þess að bregðast við þeim. Í tillögunum er bæði gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við það starf sem hefur verið í gangi en jafnframt lagt til að gera gott betur.

Tillögurnar gera m.a. ráð fyrir að 20 mkr. verði veitt sem viðbótarfjármagni til þessa málaflokks og má þar nefna að halda áfram að prenta stýrisspjöld til að setja í bifreiðar bílaleiga, bæta við SafeTravel skjám í kringum landið, áframhald og efling á fræðslu- og kynningarstarfi á vegum Landsbjargar (SafeTravel) og auknu fjárframlagi til Hálendisvaktarinnar sem hefur staðið í ströngu og mun sjá fram á annasama tíma með stórauðnum fjölda erlendra gesta á Íslandi.

### 3.5. Samantekt á viðbótarfjárförf árið 2016

Verkefni	Kostnaður 2016 (mkr.)
Löggæsla	98
Öryggi á ferðamannastöðum	88
Öryggi á vegum	184
Bætt upplýsingagjöf	20
<b>Samtals viðbótarfjárförf 2016</b>	<b>390</b>

Einnig eru lagðar fram ýmsar aðrar tillögur sem kalla ekki á aukið fjármagn og er ætlunin að koma þeim í farveg. Meðal verkefna eru:

- Samræma skilti og merkingar
- Áhættuflokkun fjall- og hálendisvega
- Bæta mælikvarða, tölulegar upplýsingar og rannsóknir á slysum ferðamanna
- Innleiða stefnu um öryggi á ferðamannastöðum

Stjórnstöð ferðamála mun síðan vinna að langtímaáætlun um öryggi ferðamanna á Íslandi.

#### Umræður við 3. lið

Rætt var um mikilvægi þess að fá sveitarfélögin til að koma að málum þar sem eru deilur um uppbyggingu þannig að hægt sé að ráðast í framkvæmdir til verndar náttúru og ferðamönnum.

Sérstaklega var rætt um töluverða hækkun á fjárframlögum til Snæfellsness vegna öryggis á vegum en þar vegur þungt að verið er að hækka Snæfellsnes upp um þjónustuflokk. Jafnframt rætt að það yrði að passa upp á flæðið, aukin vetrarþjónusta á einu svæði gæti kallað á aukna þjónustu á öðru svæði vegna

Rætt var um mikilvægi þess að áfram yrði lögð áhersla á aukna fjármuni til uppbyggingar á ferðamannastöðum. Lagt til að á næsta fundi yrði farið yfir stöðu mála hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Rætt var um bílastæðagjöld og nauðsyn þess að hugsa álagningu þeirra með heildstæðum hætti. Sér í lagi var rætt um bílastæðagjöld á Þingvöllum og hversu mikilvægt væri að vanda þar til verka enda yrðu gjöldin án efa fordæmisgefandi fyrir aðra staði í eigu eða umsjón ríkis og sveitarfélaga. Rætt var um að stjórnstöðin myndi greina hvernig best væri að nota gjaldtökutækið sem dreifingartæki og til að hámarka tekjur.

Fundarmenn sammála um að nauðsynlegt væri af umræðum í þjóðfélaginu að taka umræðu um gjaldtöku af ferðamönnum á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála. Nauðsynlegt væri að fá botn í þær umræður en hugsanlega yrði lausnin blanda af mörgum leiðum.

Ákveðið var að boða til næsta fundar þriðju eða fimmtu viku í apríl en þó ekki 27. apríl.